


SÓLSKINSSINFÓNÍAN

Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri
Stefán Jón Bernharðsson, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10



aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 15. október kl. 19:30

Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri
Stefán Jón Bernharðsson, einleikari

SÓLSKINSSINFÓNÍAN

Haukur Tómasson

Strati (1993)

Richard Strauss

Hornkonsert nr. 2 í Es-dúr (1941–42)

Allegro

Andante con moto

Rondo: Allegro molto

Hlé

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 2 í D-dúr op. 73 (1877)

Allegro non troppo

Adagio non troppo

Allegretto grazioso (quasi andantino)

Allegro con spirito



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.

AADLAND Á ÍSLANDI:

Eivind Aadland hefur tvisvar áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst í október 2005 þegar m.a. var á efnisskránni píanókoncert Griegs og 7. sinfónía Beethovens, og aftur í febrúar 2008 þegar Daniel Müller-Schott lék sellókoncert eftir Haydn og Aadland stjórnaði 6. sinfóníu Beethovens.

EIVIND AADLAND

Hljómsveitarstjóri



Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari. Hann lærði hjá Yehudi Menuhin og var um árabil konsertmeistari Fílharmoníuhljómsveitarinnar í Bergen, en söðlaði síðar um og hóf stjórnandaferil sinn með Kammersveit Evrópusambandsins. Hann hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þrándheimi um sex ára skeið og hefur einnig stjórnað flestum helstu sinfóníuhljómsveitum Norðurlanda, m.a. í Ósló, Stafangri, Bergen, Gautaborg og Malmö. Hann hefur einnig stjórnað óperum Mozarts við Norsku óperuna í Ósló.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur Aadland stjórnað filharmóníunni í Rotterdam, sinfóníuhljómsveitunum í Toulouse og Liège, Vestur-áströlsku sinfóníuhljómsveitinni, og útvarpshljómsveitunum í Stuttgart og Köln. Hann hefur hljóðritað fjölmörg verk bæði sem fiðluleikari og stjórnandi, og má þar nefna öll verk Arne Nordheim fyrir fiðlu og hljómsveit (BIS), og tónlist eftir Ole Bull (Simax).

STEFÁN JÓN BERNHARÐSSON

Einleikari



Stefán Jón Bernharðsson Wilkinson útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík með einleikarapróf vorið 1998 en kennari hans þar var Joseph Ognibene. Þá hélt hann til Osló og hóf nám við Tónlistarháskólann í Noregi (Norges Musikkhøgskole) undir leiðsögn Frøydisar Ree Wekre. Þaðan lauk hann cand.mag.-gráðu auk einleikaraprófs. Stefán hefur verið fastráðinn meðlimur Sinfóníuhljómsveitar Ísland frá árinu 2000 og hefur tekið virkan þátt í tónlistarlífi hér á landi jafnt sem erlendis. Stefán hefur m.a. komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur og upptaka hefur verið gerð af einleik

hans með Sinfóníuhljómsveitinni fyrir Ríkisútvarpið.

Stefán Jón hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum hornkeppnum, m.a. á Ítalíu og í Finnlandi, og hreppti fyrstu verðlaun í ConocoPhillips-keppninni í Ósló, sem er keppni fyrir öll hljóðfæri. Hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2006 sem flytjandi ársins og hefur komið fram sem einleikari á fjölmörgum hornþingum víða um heim. Auk þess er hann eftirsóttur hljómsveitarspilari og hefur leikið með mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sí lék *Strati* undir stjórn Páls P. Pálssonar í september 1993. Verkið hefur einnig verið flutt erlendis, m.a. í New York af New Juilliard Ensemble undir stjórn Joels Sachs.

HAUKUR TÓMASSON

Strati

Haukur Tómasson er fæddur í Reykjavík 1960. Hann stundaði tónsmíðanám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Þorkatli Sigurbjörnssyni og Atla Heimi Sveinssyni og síðar við Tónlistarháskólann í Köln, Sweelinck-tónlistarháskólann í Amsterdam, og Kaliforníuháskóla (San Diego), þaðan sem hann lauk meistaraþrófi árið 1990. Haukur hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín, og má þar nefna Tónvakaverðlaun Ríkisútvarpsins árið 1994 fyrir *Strati*, Bjartsýnisverðlaun Bröstes og Íslensku tónlistarverðlaunin. Haukur hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir óperu sína *Fjórði söngur Guðrúnar*.

Strati er annað hljómsveitarverkið sem Haukur samdi á ferli sínum og afar ólíkt hinu fyrsta, *Afsprengi* (1990). *Strati* einkennist af björtum litum á efra tónsviði hljóðfæranna. Verkið er í þremur hlutum. Eftir dulúðlegan inngang hefst kafli þar sem stöðugt skiptast á bjartar línur með áberandi pianóstrófum og stuttir, liggjandi hljómar. Miðkafliinn er rytmískur, og hér gefur Haukur hverjum hljóðfærahópi sitt eigið rytmíska efni í stað þess að blanda þeim saman milli ólíkra hljóðfæra. Síðasti hluti verksins er jafnframt sá dramatískasti. Eftir djúpa og drungalega málmblasturhljóma tekur við einfaldur og lagrænn hluti, sem Haukur endurnýtti í *Fjórða söng Guðrúnar* nokkrum árum síðar.

RICHARD STRAUSS

Hornkonsert nr. 2 í Es-dúr

Richard Strauss (1864–1949) var einn þeirra sem brúuðu bilið milli 19. og 20. aldarinnar með tónsmíðum sínum. Líkt og Gustav Mahler og Claude Debussy tók hann í arf síðrómantískt tónmál Wagners og Liszts, þar sem þanþol tóntegundabundinnar tónlistar var reynt til hins ítrasta. Fyrstu tónaljóð Strauss þóttu framsækin og nýstárleg, og óperurnar *Salóme* (1905) og *Elektra* (1908) vöktu almenna hneykslan bæði fyrir söguþræði sína og tónlist sem var ómstríðari en áður hafði þekkt. Með *Rósariddaranum* (1911) tók Strauss skref til baka og lagði upp frá því meiri áherslu á hið lagræna og vísaði oft til eldri meistara í verkum sínum.

Mörgum þótti Strauss með þessu hafa svikið málstað nýrrar tónlistar, til dæmis Theodor Adorno, sem gagnrýndi Strauss harkalega fyrir að semja „fyrirborðsleg verk“ sem væru úr tengslum við samtíma sinn. Ekki varð heldur vandræðagangurinn í sam-

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Hornkonsert Strauss hefur þrisvar hljómað á Íslandi í flutningi SÍ. Einleikarar voru Hermann Baumann (1981), Joseph Ognibene (1997) og Radovan Vlatkovic (2008).

bandi við forystu Strauss í Reichsmusikkammer, æðsta tónlistarráði Þriðja ríkisins, til að auka álit manna á persónunni bak við verkin. Strauss sagðist hafa tekið stöðunni til að forða því að „einhver sannur nasisti“ hefði sest í þann stól, en hann entist þar ekki sjálfur nema í tvö ár. Þegar Gestapó komst yfir bréf hans til rithöfundarins Stefans Zweig, þar sem Strauss gerði lítið úr kynþáttastefnu nasista, fór málið beint inn á borð Hitlers sem rak tónskáldið samstundis. Eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk var staða Strauss vægast sagt ömurleg. Hann hafði glatað trausti samferðamanna sinna og tekjurnar voru nánast engar. Strauss þurfti að selja handrit sín á spottþris til að hafa í sig og á, og að lokum neyddist hann til að yfirgefa sveitasetur sitt í Bæjaralandi og fluttist til Sviss ásamt eiginkonu sinni.

Strauss hafði alla tíð dálæti á horninu og hljómi þess. Franz faðir hans var einn fremsti hornleikari Evrópu á sinni tíð og gegndi stöðu fyrsta hornleikara við hirð-hljómsveitina í München. Líklega hafa fyrstu tónlistarminningar Richards tengst því þegar faðirinn æfði sólóin sín í íbúð fjölskyldunnar við Sólarstræti (Sonnenstrasse) í München. Mörgum þótti Franz skapstór og erfiður í samskiptum, og Richard fór heldur ekki varhluta af því þegar hann lék á píanóið með föður sínum. „Hann átti það til að öskra á mig ef ég flýtti tempóinu, en ég lærði ótal margt af því að leika undir hjá honum í hornkonsertum Mozarts og sónötu Beethovens.“

Strauss samdi fyrsta hornkonsert sinn aðeins átján ára gamall. Verkið er í fremur gamaldags stíl og gerir miklar kröfur til einleikarans. Franz Strauss lék konsertinn aldrei opinberlega, en las hann nokkrum sinnum í gegn með son sinn við píanóið og kvartaði þá íðulega yfir því að það væru „alltof margar háar nótur“ í einleikspartinum. Seinni hornkonsertinn varð til sex áratugum síðar, í miðjum hremmingjum heimsstyrjaldarinnar, á árunum 1941–42. Hann var frumfluttur á Salzburgerhátiðinni í ágúst 1943 og er tileinkaður „minningu föður míns.“

Hér lítur aldraður maður um öxl. Tónlistin er ljóðræn en gerir um leið miklar kröfur til einleikarans, enda er erfiðleikagráðan líklega helsta ástæða þess hversu sjaldan konsertinn heyrir opinberlega. Formið er tiltölulega hefðbundið og fyrsti þátturinn einkennist af skemmtilegum hljómrænum útúrdúrum og eins konar músikölskum samtölum milli einleikarans og hljóðfæra hljómsveitarinnar, t.d. klarínettu, einleiksfiðlu og óbós. Smám saman líður tónlistin inn í draumkenndan hægan kaflann, þar sem aðalstefið er eitt af þeim dásamlegustu sem Strauss festi á blað um ævina. Lokapátturinn er sólríkt og virtúósikt rondó þar sem einleikarinn bregður á leik sem fyrr, en hljómsveitarhornin fá einnig að láta ljós sitt skína.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Þetta er í átjándá sinn sem SÍ flytur sínfóníu nr. 2 eftir Brahms. Róbert A. Ottósson stjórnaði henni í Þjóðleikhúsinu 1951, Olav Kjelland á sama stað tveimur árum síðar, og síðast flutti SÍ hana í Háskólabíói vorið 2007 undir stjórn Rumons Gamba.

JOHANNES BRAHMS

Sínfónía nr. 2

Johannes Brahms (1833–1897) var sumartónskáld og hafði ekki ósvipað vinnulag og Gustav Mahler. Sumarmánuðunum varði hann í afskekktum sveitaþorpum Austurríkis og þar fæddust hugmyndir í tónverk sem hann fullgerði um veturinn í Vínarborg, á milli þess sem hann lék á píanó og stýrði hljómsveitum. Brahms dvaldist í Pörschach við Wörthersee í sunnanverðu Austurríki þrjú sumur í röð og kundi dável við sig. „Hér eru svo margar laglínur flógrandi um að maður verður að vara sig á því að stíga ekki á þær,“ skrifaði hann gagnrýnandanum Eduard Hanslick skömmu eftir komuna. Laglínurnar í Pörschach virðast hafa verið af ljóðrænni gerðinni, því þar urðu til nokkur indælustu og afslöppuðustu verk Brahms: önnur sínfónían sumarið 1877, fiðlukonsertinn ári síðar og fiðlusónatan í G-dúr árið 1879.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Brahms átti í erfiðleikum með að koma fyrstu sínfóníu sinni á blað, en árið 1876 var hún loks í höfn eftir áralanga glímu. Sú fyrsta var vart komin á prent þegar Brahms tók að huga að þeirri næstu. Andstæðurnar eru áberandi. Sú fyrsta er hetjuleg og hádramatísk, og kallast á við fimmtu og níundu sínfóníur Beethovens. Sínfónía nr. 2 er mun ljúfari og margir hafa bent á að Brahms, eins og Beethoven, hafi stundum samið verk í „tvennum“ – sínfóníuparið frá 1876–77 á sér þannig hliðstæðu í fimmtu og sjöttu sínfóníum Beethovens frá 1807–08.

Brahms lét fátt uppi um nýja verkið meðan það var enn í smíðum og naut þess að villa um fyrir vinum sínum. Útgefandanum Simrock hefur líklega orðið um og ó við lýsinguna sem hann fékk 22. október 1877: „Ég hef aldrei samið neitt jafndapurlegt; það þarf að vera sorgarborði á nótonum þegar þær koma út. Ég hef í það minnsta varað þig við.“ Réttum mánuði síðar fékk Elísabet von Herzogenberg þessa vísbendingu: „Þú þarft aðeins að setjast við píanóið með litlu fætturna þína á pedölunum og slá f-moll hljóm vel og lengi, til skiptis í bassanum og hátt uppi, ff og pp – þá ættirðu að fá skýra mynd af nýju sínfóníunni.“ Eflaust hefur hlakkað í Brahms, sem vissi mætavel að ekki var einn einasti f-moll hljómur í nýja verkinu. Theodor Billroth, skurðlæknir og einn nánasti vinur Brahms, var meðal þeirra fyrstu sem fékk að sjá nóturnar og lýsti áhrifunum svo: „Ekkert nema blár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“

Brahms lærði ýmislegt af Ludwig van Beethoven og þótti raunar stundum nóg um risavaxinn skugga forvera síns í greinum strengjakvartetts og sínfóníusmíða. Mikilvægasta lexían sem Brahms lærði af Beethoven var líklega að semja tónlist „þematískt“ – að láta heilan þátt eða jafnvel heilt tónverk grundvallast á lítilli hugmynd, stefi eða mótífi sem vex og þróast í ýmsar áttir. Skuldin við Beethoven var snöggur blettur þegar Brahms sjálfur átti í hlut. Hann er sagður hafa brugðist ókvæða við

þegar honum var bent á líkindin með aðalstefinu í lokaþáttum fyrstu sínfóníu sinnar og níundu Beethovens. Þetta er rifjað upp hér vegna þess að margir hafa bent á líkindi milli 2. sínfóníunnar og *Eroicu*, þriðju sínfóníu Beethovens. Í báðum er upphafsstefið byggt á brotnum þríhljómi í sama rytma, og sama má segja um eitt af seinni stefnum fyrstu kaflanna sem eru samsett úr áttunda- og sextándupörtum. Í úrvinnslum beggja upphafsþáttanna eru viðamikil fúगतó þar sem sjálfstæðar raddir fléttast hver um aðra í barokkstíl, og í báðum verkum gegnir einleikshorn lykilhlutverki bæði þematískt og hvað varðar afmörkun formsins.

Segja má að fyrstu fjórir taktarnir sínfóníunnar séu fræið sem öll tónsmíðin sprettur af. Selló og kontrabassar hefja leikinn með stuttu og ofureinföldu mótífi – tónn niður og aftur upp. Þessi tónhugmynd á síðar eftir að leika stórt hlutverk bæði í 1. kafla og í aðalstefjum 3. og 4. kafla. Hornin svara með fögru sveitasælustefi sem byggir að mestu á tónunum D, Fís, og A – grunnhljóminum í D-dúr. En það líður ekki á löngu þar til maður fer að efast um að friðsæl stemningin sé eins varanleg og hún hljómaði í fyrstu tóktunum. Löng fiðluhendin svífur niður í djúpin, óræður pákusláttur tekur við og svo básúnur og bassatúba með þrjá drungalega hljóma. Brahms er raunar ekki lengi að ýta skýjabökkunum frá – nú breytist upphafstakturinn í glimrandi fagurt fiðlustef – en páku- og básúnutaktarnir eru fyrsta áminning um að margt getur gerst undir hinu ljúfa og kyrrláta yfirborði.

Hægi kaflinn er dökkur og íbygginn, og er líklega tormeltasti kaflinn fyrir þá sem heyra verkið í fyrsta sinn. Töntegundin er H-dúr og tónlistin sveiflast á milli angurværrar ljóðrænu og djúprar harmrænnar tjáningar; í stuttri en afgerandi úrvinnslunni er okkur steipt niður í ólgandi h-moll. Þriðji þáttur er hógvæær austurrískur sveitadans – Mahler hefði líklega kallað hann „gemütlich“ eða „afslappaðan“ – og enn og aftur byggir stefið á aðalflugmynd sínfóníunnar, þessari sem heyrðist fyrst í sellóum og kontrabössum fyrir svo löngu síðan. Kaflinn er athyglisverð skjönun á forminu sem samanstendur yfirleitt af hröðum scherzó-kafla og afslappaðra tríói í miðjunni. Hér snýr Brahms hlutverkunum við svo að scherzó-tríó-scherzó verður hálfgildings tríó-scherzó-tríó, með rólegri ytri köflum en glannalegri miðju.

Í upphafi fjórða kaflans eru líkindin við *Eroicu* Beethovens enn á ný eftirtektarverð. Brahms merkir upphafsstefið „sotto voce“ eða í hálfum hljóðum, og forskriftina „Allegro con spirito“ notaði hann hvorki fyrr né síðar. Stefið sjálft er eins konar bræðingur af *Eroicu*-stefi Beethovens og kontrabassataktinum í upphafi fyrsta kafla; á tónlistarmáli gæti maður talað um „*Eroicu*-stef með granntónum.“ Tónlistin bókstaflega kraumar af orku, og þá sjaldan slaknar á spennunni er um að ræða

áhrifamikil augnablik sem varla fara fram hjá neinum, til dæmis þegar einbeittir áttundupartarnir í fiðlunum gufa skyndilega upp og skilja eftir sig ginnungagap sem klarínettarnar fylla upp í, eða þegar allt dettur skyndilega í dúnalogn í stórmerkilegum pianissimo-kafla skömmu fyrir ítrekunina. Eins og tónlistarfræðingurinn Reinhold Brinkmann hefur bent á hlýtur Gustav Mahler að hafa haft þessa takta í eyrunum þegar hann samdi upphafið að fyrstu símfóníu sinni.

Símfóníunni lýkur með svellandi fögnuði, enda kunnu fá tónskáld jafnvel og Brahms kúnstina að bæta við básúnum þegar mikið lá við og auka þannig bravúrinn um allan helming. Að minnsta kosti kemst fátt í hálfkvísti við lokasiðurnar í annarri símfóníunni, þegar skalarnir hlaðast upp hver ofan á annan þar til ekki verður lengra komist í upphafinni gleðivímu sveitasælu sem lagt var upp með í byrjun.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Á DÖFINNI

JOHN WILLIAMS 22. OG 23. OKTÓBER

John Williams hefur samið tónlist við fleiri ódauðlegar bíómyndir en nokkur annar fyrr eða síðar. Hann hefur verið tilnefndur til 45 Óskarsverðlauna sem eru fleiri tilnefningar en nokkur annar hefur hlotið, að Walt Disney undanskildum. Þá hefur hann m.a. samið tónlist til flutnings á fernum Ólympíuleikum og við innsetningu Baracks Obama í embætti Bandaríkjaforseta. Williams er hámenntaður tónlistarmaður og nam við hinn virta Juilliardlistaskóla í New York. Tónlist hans er oft samin fyrir stóra og glæsilega símfóníuhljómsveit þar sem spennan nýtur sín til fulls.

Meistaraverk hans er án efa tónlistin við Stjörnustríðsmyndirnar sex. Þar er mikilfengleg tónlistin undir sterkum áhrifum frá síðrómantískum tónskáldum, m.a. Richard Wagner, Richard Strauss og Gustav Holst. Til að gefa hugmynd um umfang verksins má nefna að það myndi taka um 14 klukkustundir að flytja tónlistina við Stjörnustríð í heild sinni. Árið 2005 stóð Bandaríska kvikmyndaakademían fyrir því að útnefna bestu kvikmyndaátónlist allra tíma og þarf varla að koma á óvart að þar hafi Stjörnustríð orðið fyrir valinu.

Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið bætt við aukátónleikum föstudagskvöldið 23. október kl. 19:30. Á efnisskránni eru m.a. tónlist úr Stjörnustríði, Harry Potter, Jaws, Schindler's List og E.T., auk ólympíustefsins glæsilega sem Williams samdi fyrir leikana í Los Angeles sumarið 1984.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 15. OKTÓBER 2009

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Rósa Guðmundsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Martin Frewer
Lin Wei
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Þórdís Stross
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Joanna Bauer
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Auður Ingvadóttir
Inga Rós Ingólfsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Anna Sigurbjörnsdóttir
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir
Valgerður Andrésdóttir

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vertu þinn eiginn listræni stjórnandi

REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4-8 tónleika af
efniskrá starfsársins.

Regnbogakort Sinfóníuhljómsveitarinnar er hagkvæm leið til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn, tryggja fast sæti og fá jafnframt ríflegan afslátt.

Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á
www.sinfonia.is



ADALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið